

**Kennari:**

Lísa Mjöll Ægisdóttir  
Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir  
Hrönn Guðmundsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**

Kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**

4 kennslustundir

**Bekkur:**

3. bekkur

## Náttúru- og samfélagsgreinar

Náttúru- og samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög, menningu á upplýsandi og gagnrýnin hátt, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Þær greina einingar, samfélag og umhverfið frá hinum minnstu einingu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa).

Samfélagsgreinar spanna fjölbættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimsspeki ásamt siðfræði.

Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Innan samfélagsfræðinnar er fjallað um samfélag og menningu þar sem nemendur eru meðal annars fræddir um jafnrétti, lýðræði, sjálfbærni, umhyggju og virðingu sem á að stuðla að því að þroska hæfni þeirra til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra og skilja veruleikann.

Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum. Sérstaða þeirra felst í því hvernig þær ljá nemendum mikilvæg verkfæri til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í.

Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfis-mennt. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur öðlist færni í þeim og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa.

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Náttúru- og samfélagsgreinar eru samþættar með byrjendalæsi.

## Náttúru- og samfélagsfræðigreinar

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Reynslu-, félags- og hugarheimur	Könguló	<p><b>Reynsluheimur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.</li> <li>- Getur nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum.</li> <li>- Getur aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.</li> <li>- Getur rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.</li> <li>- Getur áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.</li> <li>- Getur velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.</li> <li>- Getur komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.</li> <li>- Getur gert grein og borið virðingu fyrir mismunandi menningu, trú og lífsviðhorfa manna.</li> <li>- Getur bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu.</li> </ul>	Innlagnir Smáfyrirlestrar Lestur Umræður Paravinna Hóparvinna Einstaklings- vinna Heimildaáhorf Hugstormun Útikennsla Lesið, spurt og spjallað
	Komdu og skoðaðu landakort		
	Könnum kortin 1		
	Komdu og skoðaðu eldgos		
	Komdu og skoðaðu himingeiminn		
	Tunglið nams.is		
	Halló heimur		
	Komdu og skoðaðu land og þjóð	<p><b>Hugarheimur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann/hana.</li> <li>- Getur áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.</li> <li>- Getur gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans/hennar.</li> <li>- Getur sett sig í spor jafnaldra.</li> <li>- Getur sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.</li> </ul>	Áhugasviðsverk efni Þemavinna Samfélagið mitt
		<p><b>Félagsheimur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</li> </ul>	

- Getur rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekkir til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Getur áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Getur sýnt að hann/hún virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.

### **Náttúrugreinar**

#### **Geta til aðgerða**

- Getur útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- Getur sýnt frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða ákveðin málefni.
- Getur sýnt virkni í verkefnum tengd nánasta umhverfi.
- Getur sýnt lífverum í nánasta umhverfi virðingu.
- Getur tjáð sig um ólík sjónarmið sem tengjast málefnum daglegs lífs.

#### **Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Getur komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- Getur unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð.
- Getur bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

#### **Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Getur í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Getur notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- Getur gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni.
- Getur gert sér grein fyrir hvernig líf okkar þarf á náttúrunni að halda.

## Vinnubrögð og færni

- Getur sagt frá einföldum athugunum úti og inni.
- Getur framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- Getur tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Getur aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.
- Getur skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Getur hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Getur notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- Getur útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.

## Ábyrgð á umhverfinu

- Getur tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Getur skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.
- Getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.
- Getur rætt eigin lífssýn og gildi og gerir sér grein fyrir samspili náttúru og manns.
- Getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

## Að búa á jörðinni

- Getur lýst landnotkun í heimabyggð.
- Getur fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Getur lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.
- Getur notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.

## Lífsskilyrði manna

- Getur útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefn.

		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.</li> <li>- Getur lýst upplifun sinni á breytingum á sólarljósi og hitastigi.</li> </ul> <p><b>Náttúra Íslands</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegt umhverfi.</li> <li>- Getur útskýrt einkenni lifandi vera.</li> <li>- Getur sagt frá hvernig lífverur lifa og búa.</li> <li>- Getur lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.</li> </ul> <p><b>Heilbrigði umhverfisins</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur fjallað um samspil manns og náttúru.</li> <li>- Getur flokkað úrgang.</li> <li>- Getur sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra.</li> </ul> <p><b>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.</li> <li>- Getur lýst eiginleikum ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til ljóss og hita.</li> </ul>	
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum á hæfnikorti.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága